

Lesefni við lokahátíð
upplestrarkeppninnar
í 7. bekk
2022–2023



Skáld keppninnar
Gunnar Helgason
og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu Einarsdóttur til flutnings á lokahátíð upplestrarkeppni í 7. bekk vorið 2023.

Búningur sögunnar eftir Gunnar Helgason er miðaður við munnlegan flutning.

Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

Áður en upplestur hefst fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

Í upphafi fyrstu umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi kynningu á Gunnari Helgasyni, eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrirsagnir þar sem þær eru.

Í upphafi annarrar umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að ljóðunum eftir Aðalstein Ásberg eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

Í þriðju umferð segir kynnir í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað og gætir þess að sem best samhengi fái st í flutninginn.

Um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Í annarri umferð byrjar sá að lesa sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð. Svo er fylgt sömu röð lesara og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftur og röðinni fylgt eins og áður.

Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð,
flytjendur þeirra og röð

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____
11. _____
12. _____
13. _____
14. _____
15. _____
16. _____
17. _____
18. _____

Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni *Víti í Vestmannaeyjum* eftir Gunnar Helgason

Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar eru þeir Gunnar Helgason og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson.

Gunnar Helgason fæddist árið 1965 í Reykjavík. Hann er leikari að mennt, útskrifaðist frá Leiklistarskóla Íslands árið 1991 og hefur síðan unnið sem leikari, leikstjóri og handritshöfundur fyrir kvikmyndir, svið og sjónvarp. Gunnar gaf frá sér sína fyrstu barnabók, *Goggi og Grjóni*, árið 1992 og nokkru síðar birtist svo framhald á ævintýrum þeirra félaga. Síðan þá hefur Gunnar sent frá sér fjölda barnabóka, þar á meðal sögurnar um fótboltastrákinn Jón Jónsson sem hefjast með *Víti í Vestmannaeyjum*.

Gunnar fékk Vorvindaviðurkenningu IBBY á Íslandi árið 2013 fyrir framlag sitt til barnamenningar og hefur hlotið Bókmenntaverðlaun barnanna sleitulaust frá árinu 2013 að einu ári undanskildu. Þá hlaut hann Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki barna- og unglingabókmennta fyrir *Mömmu klikk* árið 2015.

Bókin, sem við heyrum nú lesinn kafla úr, er *Víti í Vestmannaeyjum* en hún er æsispennandi saga um ungar fótboltahetjur sem fara til Vestmannaeyja til að keppa í peyjamótinu í fótbolta. Undirbúningur var í gangi allan veturinn og nú töldu hetjurnar sig vera með allt á hreinu. En getur maður nokkurn tíma verið alveg tilbúinn fyrir slík mót, það getur allt gerst.

Góða skemmtun!

1. Þetta er flugstjórinn sem talar

Ég elska að fljúga. Og það var jafnvel enn þá skemmtilegra að fara í flugvél án mömmu og pabba. Mér fannst ég bara vera orðinn fullorðinn. Eða svona næstum því. Ég elska það þegar flugvélin er komin á fullt og svo lyftist hún frá jörðinni. Það er besta augnablikið. Það er út af þessu sem ég verð alltaf að sitja við gluggann. Það er svo gaman að sjá húsið heima og þá er það svo pínulítið að það er óraunverulegt. En ég sá það ekki í þessari ferð því að leiðin til Eyja liggur ekki yfir húsið mitt. Þegar við vorum komin nógu hátt fyrir flugstjóran að byrja að tala sagði hann uppáhaldssetninguna mína í öllum heiminum:

„Góðir farþegar, þetta er flugstjórinn sem talar.“

Ég elska þessa setningu. Það er út af henni og þessu augnabliki þegar flugvélin tekst á loft að ég ætla að verða flugmaður. Auðvitað sagði flugmaðurinn eitthvað meira en ég dett alltaf út þegar hann fer að tala um flughæð og vindátt og hitastig. En einhvern daginn verður það Jón Jónsson sjálfur sem farþegarnir munu heyra í:

„Góðir farþegar, þetta er flugstjórinn – Jón Jónsson – sem talar. Við erum komin hátt á loft og það er gaman að fljúga... blablabla...“

Við fengum vatn að drekka. Það var alveg glatað. Ég hefði viljað fá djús eða kakó en það kostaði og ég var ekki með neinn pening.

2.

Ég get ekki beðið eftir því að byrja að drekka kaffi því að þá fæ ég eitthvað annað en vatn í flugvélum.

Fljótlega komum við út yfir sjóinn og þegar við nálguðumst Vestmannaeyjar sagði flugstjórinn aftur:

„Góðir farþegar, þetta er flugstjórinn sem talar.“

Ég elska þessa setningu.

Flugstjórinn bætti við að vegna þess hve veðrið var gott ætlaði hann að taka aukahring fyrir okkur. Smá útsýnisflug. Hann tók rosa beygju og vélin hallaði og við hrópuðum og klöppuðum. Þetta var æðislegt. Svo benti hann okkur á svörtu flekkina á Heimaey og sagði okkur að það væri nýja hraunið. Það er auðvitað ekkert nýtt. Það kom í eldgosinu fyrir 40 árum eða eitthvað. En það var enn þá alveg svart á meðan allt annað á eyjunni var grænt. Og talandi um grænt. Við sáum fótboltavellina rosalega vel. Við gátum ekki talið þá – þeir voru svo margir. Það fór fiðringur um okkur alla og við gleymdum öllu um eitthvað eldgamalt eldgos. Svo lentum við.

Við vorum mættir til Eyja.

Ævintýrið var að hefjast.

Hér kæmi í ljós hverjir eru hetjur og hverjir yrðu skúrkar. Mýs eða menn.

Um leið og við lentum var okkur skutlað í skólann sem við gistum í.

3.

Þegar við vorum að bera inn dótið okkar úr rútunni sáum við að heilt lið ÍBV (Íþróttabandalagi Vestmannaeyja) var að leika sér á fótboltavellinum við skólann. Þegar þeir sáu okkur koma hættu þeir að spila og horfðu á okkur. Þeir stóðu bara grafkyrrir og stórðu á okkur. Svo allt í einu þegar við vorum næstum komnir fram hjá þeim benti einn strákurinn á okkur og dró svo puttann hægt og rólega yfir hálsinn á sér. Það sem hann var að segja var: Þið eruð sama sem dauðir!

Ég fraus þar sem ég stóð. Ég var ekkert endilega hræddur við þetta sem strákurinn hafði gert heldur var ég bara svo hissa. Maður gerir ekkert svona lagað. Mamma segir alltaf við mig að ég verði að vera kurteis og almennilegur. Sérstaklega þegar ég hitti fólk í fyrsta sinn. Það var greinilega ekki búið að kenna Eyjapeyjunum það. Gunni ýtti við mér með svefnpokanum sínum og sagði:

„Í hvaða bíómynd er þessi að leika?“

„Er hann að þykjast vera einhver harðhaus?“ sagði Davíð og kastaði hárinu aftur með höfuðhnykk.

„Var hann að benda á mig?“ Það var Skúli sem spurði. „Er það af því að ég er kínverskur?“

„Nei, mér fannst hann benda á mig,“ sagði ég.

4.

„Við verðum að fara að læra karate eða eitthvað af þessum kínversku bardagaíþróttum. Þessi fótbolti er bara rugl! Hann hjálpar manni ekkert á móti svona gaurum,“ sagði Skúli og hristi hausinn.

„Strákar, þetta er allt í lagi,“ sagði Ingó eyrnalokkur. „Það er greinilega bara eitthvað að heima hjá þessum gaur!“ Þetta síðasta hrópaði hann nógu hátt til að allir Vestmannaeyingarnir heyrðu.

Það var ekki sniðugt.

Þessi sem hafði hótað okkur lífláti ætlaði að rjúka í áttina til okkar en hinir strákarnir héldu honum.

„Strákar, drífa sig. Við eigum leik eftir 40 mínútur.“

Þetta var pabbi Ingós, fararstjórinn okkar og við dröttuðumst af stað aftur. Ég var feginn að losna úr þessari störukeppni. Þegar ég kom að dyrunum sneri ég mér við til að vita hvort þeir væru enn þá að horfa á okkur og þá sá ég að Bjössi stóð og horfði á hinn gaurinn. Bjössi getur verið alveg brjáláður. Hann er núttúrlega stærstur af okkur og hefur greinilega viljað taka hinn gaurinn á taugum.

„Bjössi, gaur, komdu,“ hrópaði ég og Bjössi leit á mig. Svo leit hann aftur á Vestmannaeyinginn, spýtti smá munnvatni út á milli tannanna og tók svo upp töskuna sína og svefnpokann og kom inn.

5.

„Það ER eitthvað að heima hjá honum,“ sagði hann um leið og hann gekk fram hjá mér og inn.

Skólastofan sem við áttum að sofa í var í kjallaranum. Þegar við komum inn voru öll bestu plássin farin. Sem betur fór hafði Skúli passað pláss fyrir mig og ég fór til hans og kom dótinu mínu fyrir.

„Strákar! STRÁKAR!“ það var pabbi Ingós sem hrópaði. „Það er enginn tími til að koma sér alveg fyrir. Þið verðið bara að fara í fótboltaskóna og legghlífarnar og svo verðum við að drífa okkur upp á völl. Þetta er svolítið labb og við megum alls ekki koma of seint. Leikurinn byrjar eftir hálf tíma. Komaso.“

Bjössi var enn á miðju gólfi það hafði enginn tekið frá pláss fyrir hann. Kannski átti hann engan besta vin í liðinu eins og ég.

„Bjössi, komdu hingað, þú getur verið hjá okkur,“ sagði ég.

„Það er ekkert pláss,“ sagði Skúli.

„Jú, við færum okkur bara. Komdu.“ Ég veit ekki af hverju ég var að bjóða Bjössa að vera hjá okkur. Kannski af því að við vorum samferða inn og vorum síðastir. Ég veit það ekki. En nú var hann kominn með pláss við hliðina á mér. Ég vonaði bara að hann myndi ekki hrjóta. Ég ákvað að skipta um umræðuefni.

6.

„Ég vona bara að við séum ekki að fara að spila á mótí þessu liði,“ sagði ég.

„Ég segi það sama,“ sagði Skúli. „Ég held samt að við séum í riðli með ÍBV. En það eru örugglega ekki þessir gaurar.“

„Ég er viss um að það séu þessir gaurar,“ sagði ég. „Það væri alveg týpískt að við lentum á mótí einhverjum klikkhausum hérna. Fáum þá örugglega í fyrsta leik. Þeir eiga eftir að drepa okkur.“

„Klikkhausar“ þetta eru rasshausar,“ sagði Davíð og strauk hendinni í gegnum hárið. Hann er kvennaljómi, eins og mamma sagði einhvern tímann. Alltaf með flotta klippingu og í nýjstu fötunum. Hann er sko enginn rasshaus hann Davíð.

„Já, funduð þið ekki skítalyktina, hehe?“ spurði Gunni.

Stundum getur verið gott að grínast þegar maður er eitthvað skelkaður.

„Ingó, hvað heitir pabbi þinn?“ spurði Skúli. Ingó var hinum megin við hann með sína dýnu að klæða sig í legghlífarnar.

„Örn.“

„Örn, hvaða lið eigum við í fyrsta leik?“ kallaði ég þvert yfir salinn.

Örn kíkti í möppuna sína þar sem hann stóð í dyrunum og fann svarið.

„ÍBV!“

„Ég vissi það,“ sagði ég. „Rækallinn!“

7.

„DRÍFA SIG“ kallaði Örn.

Við skokkuðum í áttina að keppnissvæðinu. Okkur leist ekki á blikuna. Eyjapeyjarnir voru sem betur fór farnir á undan okkur þannig að við þurftum ekki að lenda í einhverju meira veseni fyrir leikinn.

Alla leiðina upp á völl vorum við að mæta eða taka fram úr öðrum liðum. Öll liðin á landinu virtust vera mætt til Vestmannaeyja á þetta mót. Gulir, rauðir, grænir og bláir búningar voru hvert sem maður leit. Og vínrauðir og hvítir og appelsínugulir ... og auðvitað röndóttir. Svartir-hvítir, rauð-svartir, rauð-bláir og rauð-hvítir. Það var flottasti búningurinn. Búningurinn okkar.

Svo voru það foreldrarnir. Ekki má gleyma þeim. Þeir voru örugglega jafnmargir eða fleiri en við strákarnir sem vorum að keppa. Karlar og kerlingar sem fylgdu sínu liði, haldandi á bakpokum og myndavélum og nestisboxum og alls konar dóti. Það var einhver æðisleg stemming í loftinu. Fram undan voru tíu fótboltaleikir á þremur dögum og hver og einn einasti strákur á staðnum ætlaði að slá í gegn. Hvert einasta lið ætlaði að vinna bikarinn í sínum flokki.

Mýs eða menn. Hetjur eða skúrkar.

Við ætluðum að vinna alla leikina og verða þar með langbesta liðið á landinu. Eða sko ... lið 4 á landinu.

8.

Gleðin og tilhlökkunin sem lá í loftinu var svo mikil að ég gat hreinlega fundið bragðið af henni.

En.

Á móti þessari góðu tilfinningu var önnur tilfinning og hún var aðeins verri. Það var nefnilega staðreynd að við áttum ÍBV í fyrsta leik. Það var nógu slæmt að þeir væru á heimavelli þó að það bættist ekki við að við vorum allir skíthræddir við þá. Þetta voru greinilega snarbrjálaðir gaurar. Svona er munurinn á okkur sem búum í Reykjavík og hinum sem búa í litlu sjávarþorpi með lifandi eldfjall undir fótunum. Við borðum pizzur og hamborgara í öll mál, þeir borða bara fisk. Og kartöflur sem koma tilbúnar upp úr jörðinni, fullbakaðar. Eldfjallið sér um það. Við sturtum í okkur nammi á laugardögum, þeir borða bara harðfisk með smjeri. Við þömbum kók, þeir drekka mysu. Við erum með rjóma í stað vöðva, þeir eru með stál í fótunum. (Þetta hef ég frá afa. Hann er alltaf að tuða um mataræðið hjá manni.)

Á meðan ég hugsaði þetta allt saman hafði ég ekki tekið eftir því að röðin var komin að mér. Við vorum að hita upp og vorum í vító og ég átti að gera. Kalli var ekki í markinu heldur Skúli.

9.

Skúla fannst svo gaman að skutla sér. Það var alltaf best að skjóta bara beint á markið þegar hann var í marki því hann skutlaði sér alltaf í annað hvort hornið.

Ég hef oft farið í gegnum það í huganum hvað gerðist næst. Það var ólýsanlegt. Það var hræðilegt. Var það mér að kenna? Ég veit það ekki. Það var ólýsanlegt.

Ég skal reyna að lýsa því:

Ég hleyp að boltanum og Skúli er klár í markinu. Ég var ákveðinn í að sýna að ég væri ekki með rjóma í staðinn fyrir vöðva í fótunum og ætlaði að negla eins fast og ég gæti. Þá gerist tvennt í einu.

Vestmannaeyingarnir koma að markinu og garga til að láta Skúla bregða. Það tekst. Honum dauðbregður. Á sama tíma flautar dómari til að láta okkur vita að við eigum að koma okkur á okkar staði. Skúli snýr sér þá að dómara og um leið skýt ég boltanum. Og því lík negla. Ég hef aldrei skotið svona fast á ævinni. Beint á mitt markið. Og Skúli skutlaði sér ekki. Hann stóð bara og horfði á allt annað en boltann.

Hann smell í hendinni á honum.

Skúli gargaði af sársauka.

„Fyrirgefðu, fyrirgefðu ...!“ hrópaði ég. Skúli hneig niður haldandi um höndina. Ég hljóp til hans. Gunnur og Kalli náðu í Örn. Tobbi og Finnur koma líka hlaupandi.

10.

Örn þurfti að fara með hann á spítalann til að láta skoða höndina á honum. Við hinir þurftum að keppa við klikkhausana. Án Skúla. Okkar besta manns.

Tobbi sá að ég var alveg miður mín.

„Svona, Nonni minn, þetta getur ekki verið það slæmt. Þetta hlýtur líka að boða eitthvað gott. Þú veist að fall er fararheill.“

Ég var ekki sammála. Þetta gat ekki endað vel. Leikurinn byrjaði.

Hann byrjaði ekki vel. Við skulfum á beinunum. Og við höfðum þrjár góðar ástæður:

1. Besti maðurinn okkar hafði stórslasast fyrir framan augun á okkur.
2. Besti maðurinn okkar var ekki með af því að hann hafði stórslasast fyrir framan augun á okkur.
3. Við vorum á útivelli.
4. Við vorum að spila við klikkhausana.

Ókei, þetta eru fjórar ástæður. Sem er einni ástæðu meira þannig að ekki var von á góðu.

Fyrri hálfleikurinn var hreint víti. Og þá meina ég sko: hreint helvíti.

Það voru bara Gunnir og Bjössi sem eitthvað gátu. Kalli markmaður var hreinlega hræddur við skotin þeirra og við vorum bara heppnir að vera ekki 10 mörkum undir í hálfleik.

11.

Um leið og Davíð og Ingó fengu boltann misstu þeir hann. Þeir þorðu ekki að vera með hann og bara spörkuðu út í loftið áður en einhver kæmi og tæklaði þá í duft. Sama gerði ég. Um leið og ég fékk boltann dúndraði ég fram. Það var alveg sama hvað Tobbi og Finnur og foreldrarnir hvöttu okkur áfram, við gátum ekki neitt. Og talandi um foreldra, þá var einn þabbinn hjá ÍBV alveg klikkaður. Skammaði strákinn sinn þegar hann skoraði ekki og skammaði hann þegar hann skoraði því að þá var annar í enn betra færi en hann. Þessi gaur skoraði tvö mörk. Það var hann sem hafði skorið okkur á háls. Þannig séð. Læk faðer læk sön, segi ég nú bara (sem þýðir: „Klikkunin gengur greinilega í ættir, segi ég nú bara“) Hann var númer tíu og hét Ívar.

Svo var ein mamman með læti allan leikinn. Það mætti halda að hún hefði lúður innan í sér því hávaðinn í henni var svo hrikalegur. Hún varð alltaf alveg brjáluð ef við svo mikið sem snertum ÍBV strákana.

„Dómari, sástu þetta? Þetta er brot ... flautaðu, maður ...“ gargaði hún og margt fleira.

Staðan í hálfleik var 3-0 fyrir þá.

Við vorum samt heppnir allan fyrri hálfleikinn. Þeir áttu tvö stangarskot og ótal færi.

12.

Tobbi kallaði okkur til sín um leið og dómariinn flautaði hálfleik. Finnur stóð hjá. Við lyppuðumst niður á grasið og vorum alveg búnir ... eftir einn stuttan hálfleik. Hvernig yrðum við eftir tíu leiki á þremur dögum?

„Ókei, strákar, ég sé alveg hvað er í gangi hérna,“ sagði Tobbi. „Þið eruð í óstuði út af því sem kom fyrir Skúla. Örn var að hringja í mig og sagði mér að það væri í lagi með hann. Hann spilar næstu leiki með okkur. Hann er hins vegar ekki hérna núna og núna er kominn tími til að hugsa um leikinn. Hætta að hugsa um Skúla. Ókei?“

„Ókei,“ sögðum við allir án þess að vera mjög sannfærandi. Þá greip Finnur inn í:

„Mér finnst líka eins og þið séuð bara hræddir við Vestmannaeyingana. Getur það verið?“

„Uuu ... já!“ svaraði ég. „Þeir eru allir stórhættulegir geðsjúklingar. Þeir borða ekkert nema fisk og lýsi og hótudu að drepa okkur og allt.“

„Ha? Fisk og lýsi ... hvað ertu að tala um?“ spurði Ingó en ég gat ekki svarað því Tobbi byrjaði HÁLFLEIKS RÆÐUNA sína. Hann talaði svo ákveðið við okkur að okkur leið eins og við stæðum fyrir framan hárbلاسara. Ingó tók meira að segja í húfuna sína svo hún myndi ekki fjúka burt undir ræðu Tobba.

13.

„Strákar! Kommon!“ sagði hann. „Hvenær hafið þið heyrt um að strákar drepi aðra stráka á fótboltamóti?”

Ha? Aldrei. Þeir hafa bara verið að taka ykkur á taugum og það hefur tekist svona rosalega vel hjá þeim. Þið þorið varla að spila boltanum á milli ykkar. Ég hef bara aldrei séð ykkur svona slappa. Nú breytum við öllu, strákar. Nú farið þið að spila ykkar bolta og vinna saman!”

Við hresstumst við þessa ræðu og áttuðum okkur á því að þeir væru sennilega ekkert stærri, sterkari eða klikkaðri en við. Ég hætti að hugsa um mataræði Íslendinga fyrr og nú, til sjávar og sveita, í borg og bæ og fór að einbeita mér að leiknum. Ég ætlaði svoleiðis að massa seinni hálfleikinn.

Ég byrjaði útaf.

Það var allt annað að sjá til besta liðs á Íslandi í seinni hálfleik. Nú létu strákarnir boltann ganga á milli, Davíð fór að nota skærin til að komast upp kantinn og Ingó og Gunnar notuðu hraðann til að gera það sama á hinum kantinum. Við vorum farnir að spila saman.

Eftir nokkrar mínútur fékk Kalli markmaður boltann og kastaði honum út á kant til Gunna. Hann gaf inn á miðjuna til Bjössa sem renndi honum út á Davíð. Hann spilaði aðeins áfram.

14.

Þá kom maður í hann og aldrei þessu vant gaf hann boltann inn á miðjuna á Sigga sem kom aðeins til baka til að fá boltann. Sigggi gaf strax út á Davíð aftur sem var þá kominn fram hjá manninum. Glæsilegur þríhyrningur. Sigggi hljóp upp völlinn og kallaði á boltann. Davíð mætti bakverðinum þeirra og ... tók skærin og var þá kominn alveg upp í horn. Miðvörðurinn þeirra rauk í hann en þá gaf Davíð fyrir á Sigga sem renndi honum fagmannlega fram hjá markverðinum.

Við skoruðum. Við skoruðum hjá klikkhausunum. Við vorum bestir! Í smástund allavega.

Klikkaði pabbinn, pabbi mesta klikkhaussins, klikkaðist á hliðarlínunni. Hann var svo klikkaður að þjálfari Vestmannaeyinganna varð að tala við hann um að róa sig niður. Hávaðamamman steinþagnaði bara. Henni leist greinilega ekki á þróun leiksins.

Leikurinn byrjaði aftur. Nú var hann jafn. Vestmannaeyingarnir höfðu greinilega slappað of mikið af í byrjun seinni hálfleiks en áttuðu sig og settu í gírinn aftur. Úr varð hálfgert miðjumoð. Lítið um færi og mikil barátta. Það var greinilegt að liðin voru mjög jöfn þegar allt var í lagi í hausunum á okkur.

Loksins fékk ég að fara aftur inn á.

15.

Ég var frábær. Ég bjargaði á línu og fórnaði mér fyrir skot og þegar ég fékk boltann reyndi ég alltaf að spila á samherja. Það tókst eiginlega alltaf. Ég felldi meira að segja aðal klikkhausinn. Það var alveg óvart og hann fékk aukaspyrnu. Ég hélt að hann myndi tryllast en hann stóð bara á fætur og tók í höndina á mér þegar ég bauð honum hana. Kannski var hann ekkert klikkaður. Kannski hafði hann bara verið að taka okkur á taugum eins og Tobbi sagði.

Alla vega.

Ég rennitæklaði einn í hinu liðinu út við kant og þeir fengu innkast. Hávaðamamman tjúllaðist og heimtaði að ég yrði settur í fangelsi. Þetta hlaut að vera sonur hennar sem ég tæklaði. Hann var með númer 3 á bakinu.

Hitt liðið hrúgaðist inn í teig. Það átti að taka langt innkast. Sá sem tók það dreif samt ekki yfir Bjössa og hann skallaði boltann til mín. Ég hafði engan að gefa á svo ég hljóp af stað með boltann. Þá kallaði Siggí. Hann var einn frammi og bara einn úr ÍBV að passa hann. Í staðinn fyrir að gefa beint á hann gaf ég háa sendingu yfir þá báða og þeir fóru í kapphlaup á eftir boltanum.

16.

Markmaðurinn kom út á móti og ætlaði greinilega að vera fyrstur í boltann. Siggi var nú samt aðeins hraðari og rétt tókst að pota í boltann um leið og markmaðurinn renndi sér á hann. Boltinn fór fram hjá markmanninum og í markið!

Frábær sending frá undirrituðum (það er sko ég) og ekta framherjaafgreiðsla. 3-2 fyrir þá. Við þurftum bara eitt mark til að jafna. Við vorum í stuði og allar líkur á að það tækist. Við ætluðum sko ekki að tapa fyrsta leiknum á mótinu.

Við fórum að sækja meira og þeir að bakka alveg inn í sinn eigin teig. Það var bara klikkhausinn sem var frammi. Hann var líka LANGbesti maðurinn í liðinu þeirra. Bjössi passaði hann á meðan Gunni fór í sóknina. Ég var síðan aðeins framar en Bjössi og klikkhausinn. Við sóttum og sóttum, þeir fengu stöku skyndisóknir.

Við skutum og skutum.

Skyndisókn hjá hinum.

Víti.

Tvær mínútur eftir og allt að verða vitlaust.

Svona var vítið (reynið að sjá þetta fyrir ykkur eins og það væri sýnt hægt): Bjössi felldi tíuna (Klikkhausinn, já, eða Litla klikk) þegar hann var að sleppa aleinn í gegn og það var ekki hægt að dæma annað en víti.

17.

Pabbi Klikk fór alveg á límingunum. Gargaði og gargaði.

Fór að skammast í Tobba og sagði að við ætluðum greinilega að meiða son sinn. Þetta var klikkaðasti pabbi sem við höfðum séð.

Sonur hans tók vítið. Litli Klikk. Ívar. Pabbi hans kallaði nafnið hans stöðugt:

„Komaso Ívar, skora Ívar, hvað ertu að gera Ívar? Vanda sig Ívar ...“

Ívar leit á pabba sinn um leið og hann bakkaði frá boltanum. Hann var greinilega pirraður á öskrunum í karlinum. Ég var viss um að hann myndi ekki skora. Hann hljóp að boltanum og skaut. Hann skoraði ekki. Kalli varði meistaralega alveg út við stöng vinstra megin. Stóri Klikk gargaði:

„Ívar! Hvað í andskotanum ertu að gera, drengur!?“
Ívar sýndi engin svipbrigði.

Þetta gaf okkur enn meiri von. Í tvær mínútur börðumst við eins og ljón. Sóttum og sóttum. Tobbi var farinn að æsast á hliðarlínunni og foreldrarnir hrópuðu stöðugt: „Þróttur! Þróttur!“ alveg til enda. Þeir hrópuðu svo hátt að það hætti að heyrast í hávaðamömmunni. Það dugði bara ekki til.

Við vorum hrikalega svekktir þegar dómariinn flautaði leikinn af.

3-2 fyrir ÍBV.

18.

Það voru svona milljón fánastangir á svæðinu og fánar allra liðanna sem voru að keppa á mótinu voru dregnir að húni. Ég fann Þróttarfánann. Hann var rauður og hvítur eins og hann átti að vera og veðrið var gott. Heiðskírt, sól og hæg gola. Maður sá nokkrar eyjar rísa alveg þráðbeint úr hafi. Pabbi sagði mér að menn úr Eyjum sigu niður í klettana á vorin til að ná í egg.

Ég skal reyna að hætta að nota orðið „klikk“ um Vestmannaeyingana en ég sver það; þeir eru klikk. Búa á eldfjalli og síga í björg. Svo þegar einhver kemur í heimsókn til þeirra taka þeir á móti viðkomandi með líflátshótunum. Frábært fólk! Annars hefði nú verið gaman að hafa pabba með. Fyrst þegar ég heyrði að ég væri að fara á þetta mót hafði ég sagt að ég vildi vera einn allan tímann. Svo hafði ég samþykkt að mamma og stóra systir kæmu eftir fyrsta daginn. Sem sagt á morgun. Pabbi veit ekkert um fótbolta og var líka að fara í veiðiferð þessa helgina. Þannig að hann kemur ekki. Hann veit samt allt um allt annað en fótbolta. Og er fáránlega skemmtilegur ... alveg eins og pabbar eiga að vera.

Önnur umferð: Ljóð eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson

Inngangur kynnis

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson fæddist árið 1955 á Húsavík.

Hann stundaði nám við Verslunarskóla Íslands og lauk þaðan stúdentsprófi 1976. Hann stundaði einnig nám í íslensku við Háskóla Íslands, auk náms í tónlist og leiklist.

Frá árinu 1980 hefur hann að mestu helgað sig ritstörfum, ásamt því að reka bóka-og tónlistarútgáfuna Dimmu. Hann hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín og nýlega hlaut hann viðurkenningu Rithöfundasjóðs Ríkisútvarpsins fyrir árið 2022. Ljóð hans hafa verið þýdd og birt á meira en tug tungumála og barnabækur hans hafa komið út á Norðurlöndum og víðar. Á sviði tónlistar hefur hann samið bæði tónlist og söngljóð sem hafa víða verið gefin út.

Hann var formaður Rithöfundasambands Íslands 1998-2006 og sat í stjórn STEFS um árabíl.

Nemendur geta nú valið milli tíu ljóða Aðalsteins Ásbergs en þau eru:

Áræði	Myrakraherbergið
Varnaðarorð til saklausra	Bjartsýni
músa	Blæbrigði
Áhætta	Haustfuglar
Dropi í hafið	Heilsaðu einkum
Af vegum	

Óhjákvæmilegt er að nokkrir flytjendur lesi sama ljóðið, það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar.

Góða skemmtun!

Áræði

Ég dáist að brekkusniglinum
þolgæði hans og þrautseigju
þegar malbikaður vegurinn
er lagður þvert á leið hans.

Svo torvelt að ferðast
og auðvelt að láta bugast.

Eina nóttina heldur hann
áræðinn af stað
hefur hlustað vandlega
eftir veglegum titringi.

Og yfir kemst hann
ókraminn ofurhugi.

Ég dáist að brekkusniglinum
á hægferð um heiminn
sem kemst að lokum sína leið.

Myrkraherbergið

Lítil svört kompan
þar sem rauðum bjarma
slær á borð og hillur
bakka með fúlu vatni
og hendur, sem rjála við
rykfallinn stækkarann.

Skrjáfandi filmubútar
festir upp á þráð
eldfimt myndefni
sem molnar sundur
við minnstu snertingu.

Á löngum tíma
geta lífseigir skuggarnir
skriðið í gegnum vegg
gegnum hold og blóð
og haldið manni föstum.

Varnaðarorð til saklausra músa

Ekki ímynda ykkur í einfeldningskasti að utan þessa hlýja hreiðurs sé annar og betri heimur eða aðstæður sem kunni að henta auðtrúa mýslu sem á sér von um að lifa í sátt við menn og músarguðinn sjálfan.

Ekki reiða ykkur á það í móðu harðindanna að menn vilji þyrma smáum ómálga titlum sem aðhafast lítið og mega sín einskis þegar stóreflis skófla er annars vegar og árvökul augu bóndans sem treður hlöðuna fulla af heyi.

Ekki tjóar að hnipra sig saman og treysta í blindni á miskunn og náð eða blessun hinstu stundar því illskeytt grimmdin hraðar sér eftir krókaleiðum og kemst með glóðheitri einbeitingu alla leið þangað sem angistin blundar og grefur um sig í hjarta manns.

Bjartsýni

Maður vaknar að morgni
vaknar og man innan tíðar
að kvöldið bíður vart boðanna
kvöldið sem ákaft fagnar
öllum með einhverjum hætti.

Maður vaknar og þráir
vaknar með ný orð á vörum
og lífið sem vert er að njóta
lífið af fullum þunga
skellur á rúmhelgum degi.

Maður vaknar af draumi
vaknar um síðir og finnur
allt stefna að einstökum punkti
stefna til vegs og dáða
hvernig sem veröldin breytist.

Maður vaknar til sólar
vaknar í skínandi birtu
og áður en hendi er veifað
áður en skref er tekið
fréttist að senn komi nóttin.

Áhætta

Komi ég upp á háan hól
fer ekki hjá því að mig langi
að rúlla mér niður brattann
alla leið þangað sem jafnsléttan
tekur við - og liggja svo grafkyrr.

Heyri ég kallað hástöfum
að þetta sé varhugaverður leikur
finn ég prakkarann koma upp í mér
kæri mig kollóttan um garnaflækju
og grasið má alveg ljá mér sinn lit.

Hættan sem felst í þessu
er hugsanlega sú staðreynd
að heimur bernskunnar stendur
mér ennþá nærri þótt alla jafna
sé ég staddur á öðru æviskeiði.

Blæbrigði

Það er ekki sama hvernig
þú segir nafnið mitt
hitinn í rómnum gerir gæfumuninn
og áherslan, umfang atkvæðanna
eftirbragðið á tungunni
á meðan við horfumst í augu.

Allt spilar þetta saman
lætur mér skiljast að þú
hafir eingöngu mig í huga.
Þú getur kallað það sérvisku
kannski nánast ofdirfsku
en svona er það samt.

Það er ekki sama hvernig
þú segir nafnið mitt
jafnvel þegar lítið liggur við.

Dropi í hafið

Í morgunsárið fellur regnið
hlýtt og mjúkt á raka jörðina
eftir næturkulið.

Eftir næturkulið vakna blóm,
stirð og guggin, en lifna svo við
þegar líða tekur á daginn.

Ólgandi flaumurinn skellur á
og ásamt öðru rekur hugann
að grárri ströndinni.

Að grárri ströndinni stefna nú
margar óráðnar gátur draumsins,
sem hvarf eins og dropi í hafið.

Haustfuglar

Það flugu tveir svanir
suður yfir heiðar
ég sá þá snemma morguns
hverfa bakvið ský.

Langt síðan ég heyrði
hóglát vængjatökin
og hélt mig geta fundið
andblæ annars tíma.

Lét fyrst sem ég væri
laus við fjaðrabýttinn
en langaði til að vita
hvað réði slíkri för.

Það flugu tveir svanir
og sumarið með þeim
ég sá alla litina týnast
í haustgrárri heiði.

Af vegum

Af vegum heimsins
þykir mér vænst um
engjaveginn gamla
moldrauðan troðning
gegnum kargaþýfi.

Puntstráin stoltu
standa um hann vörð
og hafa sumarlangt
vonast eftir fleiri
vagnhlössum af heyi.

Breiðgötur og stræti
steinlögð markaðstorg
hraðbraut yfir blindhæð
brýr sem tengja lönd.
Allt er það einhvers virði.

En engjaveginn gamla
þykir mér vænst um
af vegum.

Heilsaðu einkum

Æ, þú veist hvernig þetta er.
Fuglarnir löngu farnir úr garðinum
og höfðu reyndar ekkert úthald
til að sinna aðkallandi verkefnum.

Samt ætti ég að ná til þín á endanum
án þess að argast í þessum ljúfa vorboða.
Veit bara ekki fyrir víst hvort þú getur
tekið á móti svona einföldum skilaboðum.

Engillinn minn, þegar þú lest þetta
er ég löngu hættur að sofa fyrir ölduróti
engar smáar bárur lengur við ströndina
og stormurinn rífur og slítur allt lauslegt.

Sumardalinn hef ég ekki heimsótt lengi.
Á skúffubotni geymir þú skúfinn rauða.